



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum í Húnaþingi vestra

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í Húnaþingi vestra 14. október hlutu 14 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Þau sem hlutu hvatningu eru:

**Aron Stefán Ólafsson, Reykjum 1, Hrútafirði.** Hann er gæddur góðum námshæfileikum og hefur með dugnaði, eljusemi og jákvæðu hugarfari náð sér eftir alvarlegt slys sem lenti í fyrir nokkru síðan.

**Baldur Hrafn Björnsson, Hvammstanga.** Hann hefur sýnt góðan árangur í námi og verið í fararbroddi í félagsstarfi og virkur í kirkjustarfi.

**Freydís Jóna Guðjónsdóttir, Hvammstanga.** Hún hefur sýnt mikinn dugnað og góðan árangur í námi.

**Guðrún Eik Skúladóttir, Tannstaðabakka, Hrútafirði**  
Hún er bæði góður námsmaður og íþróttamaður og auk þess gædd góðum tónlistar- og sönghæfileikum.

**Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Reykjum 2, Hrútafirði,**  
Hún er góður námsmaður og efnilegur íþróttamaður, hefur verið Íslandsmeistari í sínum aldursflokki í nokkrum greinum frjálsra íþróttanna.

**Hrund Jóhannsdóttir, Gauksmýri, Línakradal,**  
Henni er margt til lista lagt og hefur sýnt mikinn dugnað í námi, íþróttum og tónlist auk þess að vera mjög virk í félagsstarfi skólans.

**Kolbrún Arna Björnsdóttir, Hvammstanga**  
Hún hefur sýnt góða náms- og tónlistarhæfileika.

**Kolbrún Bragadóttir, Hvammstanga**

Hún hefur sýnt mikinn kjark og dugnað við að takast á við ýmsa erfiðleika í lífinu.

**Sigrún Soffía Sævarsdóttir, Laugarbakka.**

Hún er efnilegur námsmaður og mikil hannyrðakona.

**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Hrútafirði.**

Hún er góður námsmaður og hefur náð mjög ágætum árangri í frjálsum íþróttum og körfubolta og m.a. verið kosin íþróttamaður Vestur-Húnavatnssýslu.

**Sigurður Helgi Oddsson, Hvammstanga.**

Hann er góður námsmaður og fjölhæfur íþróttamaður. Hann er einnig gæddur miklum tónlistarhæfileikum.

**Sonja Líndal Þórisdóttir, Víðidal,**

Hún er gædd miklum náms- og tónlistarhæfileikum og hefur auk þess sýnt mikla hæfni í hestaíþróttum.

**Sylvía Hera Skúladóttir, Hvammstanga**

Hún hefur sýnt góða náms- og tónlistarhæfileika auk þess að vera góður íþróttamaður.

**Þorgrímur Guðni Björnsson, Hvammstanga.**

Hann hefur sýnt góða náms- og íþróttahæfileika, dugnað og jákvæðni.